

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.  
Guðmundur Jónsson  
Ármúla 4  
108 Reykjavík

2002040073  
3609; 9310

Reykjavík, 14. júní 2002  
/--

**Efni: Hringtorg á gatnamótum Hringvegjar og Snæfellsnesvegjar, Borgarbyggð.  
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. dags. 17. maí 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt hringtorg á gatnamótum Hringvegjar og Snæfellsnesvegjar, Borgarbyggð samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar og Fornleifaverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Fornleifavernd með bréfi dags. 31. maí 2002 og Borgarbyggð með bréfi dags. 3. júní 2002. Svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti 13. júní 2002.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Framkvæmdin felur í sér færslu á gatnamótum Hringvegjar og Snæfellsnesvegjar í norðaustur um 40 m, auk breytinga úr T-gatnamótum í hringtorg og færslu á aðliggjandi vegarköflum. Gert er ráð fyrir að hringtorgið verði gert þriggja arma með tengingum norður og suður inn á Hringveg, og til vesturs inn á Snæfellsnesveg. Gert er ráð fyrir fjórða arminum sem framhaldi Snæfellsnesvegjar niður á nýja legu Hringvegjar, sem fyrirhugað er að færa austur fyrir byggðina í Borgarnesi. Sá hluti er ekki til skoðunar nú og verður ekki gerður fyrr en Hringvegurinn hefur verið færður en endanleg lega hans er ekki ákveðin.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að hægja á umferð inn í Borgarnes og minnka slyshættu. Að mati framkvæmdaraðila mun umrædd framkvæmd ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

**ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögn Borgarbyggðar kemur fram að umhverfis- og skipulagsnefnd telji ekki þörf á að framkvæmdin verði sett í mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að ekki verði séð að fornleifum stafi hættu af framkvæmdinni og telur því ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni tafarlaust hafa leita til Fornleifaverndar ríkisins ef fornleifar komi í ljós á framkvæmdasvæðinu.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða gerð hringtorgs á gatnamótum Hringvegjar og Snæfellsnesvegjar í Borgarbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Gerð hringtorgs á gatnamótum Hringvegjar og Snæfellsnesvegjar felur í sér færslu á gatnamótunum í norðaustur um 40 m og færslu á aðliggjandi vegarköflum. Samkvæmt framlögðum gögnum bendir ekkert til þess að framkvæmdin sé líkleg til að hafa veruleg áhrif á fornleifar eða náttúrufar á svæðinu.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð hringtorgs á gatnamótum Hringvegjar og Snæfellsnesvegjar, Borgarbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun verkur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Borgarbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framangreind framkvæmd er ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998, breytt 20. júní 2001 og þar því að breyta því.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. júlí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Páll J Línal

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Borgarbyggð, Fornleifavernd og Vegagerðin.

